

Nr. 094 / 16 Dettifoss**Skipverji slasast við landfestar**

IMO.nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Útgerð: Eimskip
Fánaríki: Antigua og Barbuda
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysatilkynning frá skipi
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. apríl 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 19. október 2016 var Dettifoss að koma að bryggju í Reykjavík. Veður: SA 14 m/s.

Tveir skipverjar voru að vinna við landfestar í skut skipsins. Búið var að koma upp landfestum sem voru á spilum og unnið að því að tvöfalda landfestarnar. Búið var að draga annan enda trossunnar fyrir polla á bryggjunni en draga átti augað aftur um borð og festa þar. Þegar skipverjarnir voru að eiga við þetta rann of mikið af landfestatóginu út og fór í skrúfu skipsins. Annar skipverjinn lenti þá á milli landfestatógs og polla með annan fótinn þegar það rann út, en hinn skipverjinn fékk landfestatógið í hægri fótinn og féll við það í þilfarið.

Við rannsókn kom fram:

- að landfestatógið, sem notað var til að tvöfalda, var sjaldan notað þar sem það var svert og þungt. Það var notað vegna slæms veðurs;
- að skipverjar voru að byrja að setja landfestatógið á spil til að taka inn slakann sem runnið hafði í sjóinn og drógu það í gegnum pollann;
- að nýbúið var að óska eftir að stöðva aðalvél en skrúfa snérist enn;
- að einungis tveir skipverjar voru í landfestunum afturá en annar slasaðra taldi eftir á að þeir hefðu átt að bíða með að tvöfalda þar til hjálp hefði borist frá þeim sem voru frammi á bakka.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins megi rekja til þess að of fáir skipverjar hafi verið við landfestar í þessu tilfalli.